

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 379/1995.

Sigurður H. Þorsteinsson

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

gegn

Kaldrananeshreppi

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

Vinnusamningur. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1995. Hann krefst þess aðallega, að stefnda verði gert að greiða sér 750.672 krónur, en til vara 561.481 krónu, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 1. júní 1990 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms, en til vara, að krafa áfrýjanda verði lækkuð, og komi þá til skuldajafnaðar gagnkrafa stefnda, að fjárhæð 321.592 krónur. Stefndi krefst einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í málinu krefst áfrýjandi, sem var skólustjóri við Klúkuskóla í Kaldrananeshreppi frá 1985 til 1994, greiðslu launa vegna starfa við gæslu nemenda í matartímum á tímabilinu frá byrjun árs 1990 til sumars 1994, en þeir munu á þeim tíma hafa verið frá fjórum til níu talsins. Með gögnum, sem áfrýjandi hefur lagt fram fyrir Hæstarétti, er nægilega sýnt fram á, að hann hafi fengið greiðslu úr ríkissjóði fyrir gæslustörf af þessum toga frá upphafi starfa sinna sem skólustjóri við Klúkuskóla til ársloka 1989. Málsaðilar deila hins vegar um, hvort skylda til slíkra greiðslna hafi færst yfir á stefnda, eftir að lög nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga höfðu tekið gildi.

Af gögnum málsins verður ráðið, að áfrýjandi hafi fengið greidd laun úr ríkissjóði vegna gæslustarfanna fram til ársloka 1989 á grundvelli árlegra vinnuskýrslna, sem hann skilaði um heildarstörf sín. Ekkert liggur hins vegar fyrir um, að samningur hafi að öðru

leyti verið gerður um það milli áfrýjanda og ríkisins, að hann gegndi þessum gæslustörfum. Þá verða ekki fundin ákvæði í lögum nr. 63/1974 um grunnskóla eða lögum nr. 49/1991 um sama efni, sem leitt gátu til þess, að umrædd störf kæmu sjálfkrafa í hlut áfrýjanda sem skólastjóra. Af þessum sökum verður áfrýjandi ekki talinn hafa sýnt fram á, að í árslok 1989 hafi verið um að ræða skyldu til launagreiðslna fyrir gæslustörf, sem hafi getað færst yfir á stefnda frá ríkinu án frekari aðgerða. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms er ekki unnt að líta svo á, að stofnað hafi verið réttilega til skyldu stefnda til greiðslu fyrir umrædd störf eftir gildistöku laga nr. 87/1989. Samkvæmt því verður héraðsdómur staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjanda verður gert að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Sigurður H. Þorsteinsson, greiði stefnda, Kaldrananeshreppi, samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. október 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. september sl., er höfðað með stefnu, birtri 2. desember 1994, af Sigurði H. Þorsteinssyni, fyrrum skólastjóra, Arnarhrauni 4, Hafnarfirði, gegn Kaldrananeshreppi, Strandasýslu.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 751.672 kr. með dráttarvöxtum [...].

Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá Löggarðs hf. auk lögmæltis virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Til vara krefst stefndi þess, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð, og jafnframt, að 321.592 kr. komi til skuldajafnaðar og lækkunar á kröfu stefnanda frá þeim tíma, er hver einstök greiðsla, sem myndar þá fjárhæð, gjaldféll árlega, þ. e. 62.929 kr., frá 31. desember 1990, 45.502 kr.

frá 22. febrúar 1991, 50.884 kr. frá 31. desember 1991, 35.083 kr. frá 6. febrúar 1992, 21.540 kr. frá 31. maí 1992, 43.157 kr. frá 29. desember 1992, 41.524 kr. frá 21. desember 1993 og 20.973 kr. frá 1. júní 1994.

Þá krefst stefndi þess, að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að stefnandi starfaði sem skólastjóri við Klúkuskóla í Bjarnarfirði frá árinu 1985 til sumars 1994.

Klúkuskóli var svokallaður heimanakstursskóli allt til 1. september 1992. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að 1. september 1992 hafi starfsemi mótuneytisins verið minnkuð um helming og 1. september 1993 hafi það breyst þannig, að nemendur hafi borðað eigið nesti á mánudögum. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að rekstri mótuneytis hafi verið hætt 1. september 1992, og hafi skólinn þá verið gerður að svokölluðum heimangönguskóla. Eftir að heimanakstursfyrirkomulag hafi verið tekið upp, hafi nemendum verið ekið til og frá skóla daglega, en eftir að heimangöngufyrirkomulag var tekið upp, hafi nemendur komið sér sjálfir til skóla og séð sér fyrir nesti.

Eftir að vorönn lauk 1994, var starfsemi skólans hætt. Við starfseminni tók grunnskólinn á Drangnesi, sem nú er eini grunnskólinn í Kaldrananeshreppi.

Stefnandi heldur því fram, að allt frá upphafi til 1. ágúst 1994 hafi hann gegnt því starfi að matast með börnum á hádegismatartímum og nestistímum síðasta veturinn. Fram til 1. september 1993 hafi verið um að ræða eina klst. í hádegi fimm daga vikunnar, en frá og með 1. september 1993 hafi verið um að ræða 40 mínútur á mánudögum. Hann hafi jafnframt annast gæslu skólabarna á þessum tíma dags þetta tímabil. Fram til 31. desember 1989 hafi fjármálaráðuneytið greitt fyrir þetta í samræmi við gildandi kjarasamninga. Með lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er gildi tóku 1. janúar 1990, hafi greiðsluskylda þessi færst yfir á sveitarfélög í landinu, þ. á m. stefnda.

Á vinnuskýrslum, sem stefnandi hafi gert í upphafi hvers árs, hafi verið gert ráð fyrir viðveru hans í matartímum nemenda. Skýrslur þessar hafi verið lagðar fram fyrir skólanefnd og síðan sendar fræðslustjóra.

Stefnandi kveðst skólaárið 1993 til 1994 hafa sent oddvita Kaldrananeshrepps reikninga mánaðarlega fyrir gæslu í matartímum, en greiðslur hafi aldrei verið inntar af hendi. Er stefnandi hafi farið að spyrjast fyrir um ástæðu þess, hafi komið í ljós, að sveitarfélögin höfðu tekið á sig greiðsluskyldu samkvæmt lögum nr. 87/1989. Stefnandi hafi fljótlega árið 1991 farið að spyrjast fyrir um ástæðu þess, að greiðslur bærust ekki, en fengið óljós svör frá stefnda og fræðslustjóra umdæmisins.

Hinn 30. mars 1994 hafi stefnandi sent stefnda bréf, þar sem sundurliðuð hafi verið krafa hans vegna þessa frá 1. janúar 1990 til maí 1994. Eiginkona hans hafi leyst hann af við störf tímabilið 18. október 1992 til 18. janúar 1993, og hafi hún framselt stefnanda kröfu sína vegna þessa. Þá kröfu hafi hún sett fram í bréfi 7. maí 1994.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki hafi verið gert ráð fyrir sérstakri gæslu nemenda í matartímum árið 1990 og síðar. Gæslustörf hafi hins vegar verið greidd árið 1990 fyrir næturgæslu vegna barna, sem komust ekki heim vegna óveðurs. Um aðrar og/eða síðari gæslugreiðslur hafi ekki komið til af hálfu stefnda frá þeim tíma, enda slíkar greiðslur aldrei samþykktar, hvorki af skólanefnd Klúkuskóla né Kaldrananeshreppi. Af hálfu stefnda hafi því aldrei komið til umfjöllunar, hvort þörf væri á slíkri gæslu, enda nemendur skólans afar fáir og að jafnaði einhver í skólanum til þess að líta eftir börnunum, t. d. matráðskona, meðan hennar naut við.

Stefndi kveður stefnanda hafa tamið sér mjög góðar vinnureglur við alla starfsemi skólans. Rétt fyrir hver mánaðamót hafi hann sent inn vinnuskýrslur vegna starfsfólksins með staðfestingu á vinnustundafjölda. Þetta hafi átt við um félagsmálastörf, gæslustörf, skólaakstur og yfirvinnutíma ráðskonu. Einnig hafi hann sent ýmsar kostnaðarnótur vegna skólans, bæði ógreidda reikninga eða nótur vegna kostnaðar, sem hann hafði sjálfur greitt og síðan fengið endurgreiddar. Ljósrit af fundargerðum Klúkuskóla hafi hann sent sveitarstjórn eftir hvern fund, og hafi síðan verið fjallað um þær á næsta hreppsnefndarfundi. Það hafi verið meginregla á skrifstofu sveitarfélagsins að greiða öll laun og aðra reikninga inn á ávísanareikning viðkomandi starfsmanns, eins fljótt og unnt var eftir hver mánaðamót.

Í lok október 1993 hafi stefnda fyrst borist vinnuskýrsla og þar með krafa stefnanda um gæslulaun sér til handa vegna gæslustarfa í hádegi á mánudögum í september og október 1993. Á skrifstofu stefnda hafi ekki legið fyrir nein upplýsingar, hvorki í fundargerðum skólanefndar Klúkuskóla, sem stefnandi hafði sent inn eftir hvern fund, né heldur munnlegar um, að stefnandi hefði verið ráðinn til þess að sinna þessu starfi. Engin vitneskja hafi heldur legið þar fyrir um, að gæsla í hádegi færi fram í skólanum með þeim örfáu nemendum, sem þar voru.

Kröfu stefnanda hafi því ekki verið sinnt. Stefnandi hafi hins vegar haldið áfram að senda inn vinnuskýrslur sínar eftir þetta mánaðarlega fram í apríl 1994. Þessar kröfur stefnanda hafi ekki verið greiddar og þeim formlega hafnað á fundi hreppsnefndar Kaldrananeshrepps 29. september 1994.

Stefndi mótmælir því, að stefnandi hafi spurst fyrir um umræddar greiðslur hjá stefnda þegar árið 1991, en fengið óljós svör. Laun stefnanda hafi

ætið verið greidd af ríkinu og stefnanda því óviðkomandi. Það hafi því komið mjög á óvart, þegar stefnandi hafi gert þá kröfu í október 1993, að hann fengi greidd laun fyrir slíka gæslu í matartímum. Enn meira hafi komið á óvart krafa stefnanda á miðju ári 1994 um greiðslu fyrir þess háttar gæslu fjögur ár aftur í tímann.

Málsástæður.

Málsástæður stefnanda eru þær, að hann eigi rétt á greiðslu fyrir gæslu í matar- og nestistímum nemenda. Um það vitnar hann til gr. 3.3.1. í kjarasamningi Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra. Fyrir þá vinnu eigi að greiða með yfirvinnu. Um það vitnar hann til fyrrgreinds ákvæðis í nefndum kjarasamningi, en stefndi kveðst félagi í Kennarasambandi Íslands. Þá vitnar hann einnig til gr. 9.1. og 9.2. um framselda kröfu.

Um greiðsluskyldu stefnda vísar stefnandi til 78. gr. laga nr. 63/1974 og 80. gr. laga nr. 49/1991, sbr. 40. og 44. gr. laga nr. 87/1989, einnig til reglugerðar nr. 86/1990 um heimavistir grunnskóla.

Við það er miðað af hálfu stefnanda, að Klúkuskóli sé grunnskóli í skilningi ofangreindra laga. Um varnarþing er vísað til 3. tl. 42. gr. laga nr. 91/1991, einnig til laga nr. 38/1954 svo og til laga nr. 8/1986 og til orlofslaga nr. 30/1987.

Málsástæður stefnda eru þær, að ekkert sé komið fram í málinu, sem sýni fram á greiðsluskyldu stefnda. Hún hafi hvorki stofnast með lögum nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga né styðjist hún við kjarasamning fjármálaráðherra f. h. ríkisins og Kennarasambands Íslands frá 1. júní 1990 eða sérstakan og sjálfstæðan samning aðila.

Stefnandi haldi því fram, að greiðsluskylda stefnda byggist á 78. gr. laga nr. 63/1974, 80. gr. laga nr. 49/1991, sbr. 40. og 44. gr. laga nr. 87/1989. Þessu er mótmælt. Umrædd lög verði ekki skilin á þann hátt, að allir samningar, sem ríkið hafi áður gert við starfsmenn sína um vinnulaun eða greiðslur, flytjist óbreyttir og sjálfkrafa yfir til einstakra sveitarfélaga.

Þá er á því byggt af hálfu stefnda, að eingöngu almenn greiðsluskylda hafi færst til með lögnum, en ekki sértæk skylda skv. einstökum samningum. Alls ekki hafi verið ætlast til þess, að allar aukagreiðslur, sem ríkið hafi hugsanlega samið um við einstaka aðila fyrir gildistöku laga nr. 87/1989, færðust sjálfkrafa yfir til sveitarfélaga. Því sé ljóst, að stefnandi hefði þurft að semja sérstaklega um það, hafi hann viljað hafa með höndum umrædda gæslu og fá greitt fyrir hana. Í því sambandi hafi hann verið skyldugur að gæta 4. mgr. 34. gr. grunnskólalaga nr. 49/1991, sbr. 2. mgr. 34. gr. eldri laga nr. 63/1974, sbr. 39. gr. laga nr. 87/1989 um ráðningu starfsmanna, og afla samþykkis skólanefndar um slíka greiðslu eða sveitarstjórnar, sbr. einnig 3.

og 7. mgr. 10. gr. erindisbréfs fyrir skólastjóra grunnskóla nr. 197/1976. Alls ekki verði talið, að skólastjóri geti ákveðið á sitt eindæmi, hver skuli annast gæslustörf í matartímum nemenda og leggja með því greiðsluskuldbindingar á skólanefnd og sveitarfélag án samþykkis greiðanda. Fráleitt sé, að skólastjóri hafi vald til að taka þess háttar ákvarðanir einn og sér og geti með slíkri sjálfstöku og einhliða ákvörðun skammtað sjálfum sér eða öðrum þóknun frá vinnuveitanda sínum án samþykkis hans. Þar sem áskilnaði um samþykki vinnuveitanda var ekki fullnægt, beri stefndu ekki skylda til þess að greiða stefnanda þær greiðslur, sem hann krefst.

Þá stýður stefndi sýknukröfu sína því, að hann sé ekki bundinn af kjarasamningi fjármálaráðherra og Kennarasambands Íslands, sem gildi tók 1. júní 1990 og stefnandi reisir kröfur sínar á. Í þeim kjarasamningi komi glöggt fram, að hann sé gerður milli ríkisvaldsins og Kennarasambands Íslands. Hafi sveitarfélögin þar engan þátt átt að máli, þrátt fyrir það að lög nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefðu þá tekið gildi. Sé því ekki unnt að halda því fram, að skyldur ríkisins skv. kjarasamningnum hafi færst yfir á sveitarfélögin með lögum nr. 87/1989.

Kaldrananeshreppur hafi hvorki samþykkt umræddan kjarasamning né þau viðmið, sem hann byggist á. Hann hafi ekki verið aðili að samningnum og því óbundinn af ákvæðum hans. Því sé þess vegna hafnað, að kjarasamningur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Kennarasambands Íslands frá 1. júní 1990 eigi að hafa áhrif í máli þessu.

Ef fallist verði á það með stefnanda, að stefndi sé bundinn af umræddum kjarasamningi, er því haldið fram, að ákvæði 3.3.1. í honum eigi ekki við í máli þessu. Ekkert sé fram komið í málinu um, að það fyrirkomulag, sem stefnandi haldi fram, að tíðkast hafi í Klúkuskóla, hafi verið nauðsynlegt, hvorki þannig, að skylda sé að veita umrædda gæslu og greiða fyrir hana laun, né nauðsynlegt hafi verið, að stefnandi annaðist hana, en ekki einhver annar, sem var í hádegishléi og semja hefði mátt við um lægri greiðslu.

Því er loks haldið fram af hálfu stefnda, að hafi verið um greiðsluskyldu stefnda í upphafi að ræða, hafi stefnandi fyrirgert rétti sínum sökum tómlætis. Í þessu sambandi sé bent á, að stefnandi hafi aldrei borið fram kröfu um greiðslu fyrir gæslustörf sín fyrr en haustið 1993 og þá aðeins frá þeim tíma. Því er mótmælt sérstaklega sem röngu og ósönnuðu með öllu, að stefnandi hafi spurst fyrir um slíkar greiðslur þegar árið 1991. Fyrst um mitt ár 1994 hafi stefnandi sett fram heildarkröfu fyrir árin 1990, 1991, 1992 og 1993. Ljóst sé, að stefnandi sem skólastjóri hafi ekki gert ráð fyrir þeim við rekstraráætlanir sínar, og hafi því mátt ætla, að þessar kröfur kæmu ekki fram. Engar athugasemdir hafi komið fram af hálfu stefnanda eða beiðnir

um endurskoðun rekstraráætlana skólans, hvorki fyrir né eftir gerð þeirra. Þessu til stuðnings vísar stefndi til 1. mgr. 81. gr. grunnskólalaga nr. 49/1991 um skyldu skólastjóra skv. því ákvæði til þess að leggja kostnaðaráætlun árlega fyrir viðkomandi stjórnvald.

Ekki sé tækt að reisa greiðsluskyldu stefnda á vinnuskýrslum stefnanda. Þar komi eingöngu fram, að um matartíma sé að ræða, án þess að gæslu sé getið. Bendi það einmitt til, að stefnandi hafi ekki gert ráð fyrir greiðslum sér til handa vegna þessa.

Stefndi mótmælir þeim staðhæfingum stefnanda, að hann hafi farið að spyrjast fyrir um ástæðu þess, að greiðslur bærust ekki, þar sem ekkert sé fram komið, sem styðji þá fullyrðingu. Stefnandi beri tvímælalaust sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni, þar sem það standi honum nær að sanna hana.

Rekstur mótuneytis í Klúkuskóla hafi verið stöðvaður 1. september 1992. Hafi því matartímar fallið niður, og af þeim sökum hafi ekki verið um gæslu að ræða eftir þann tíma. Einnig sé kröfum um launagreiðslur eftir þann tíma að minnsta kosti vísað á bug. Hér megi einnig benda á, að tímafjöldinn, sem liggja fyrir í málinu, sé einhliða ákvarðaður af stefnanda og óstaðfestur. Honum sé því mótmælt, enda verði ekki á honum byggt í málinu.

Varakrafa stefnda er á því reist, að verði greiðsluskylda talin koma til greina, sé krafa stefnanda of há sakir ófullkominna og ósamþykktra gagna og reikninga af hálfu stefnanda, tómlætis, fyrningar, of hárra vaxta o. fl. Jafnframt beri að taka tillit til skuldajafnaðarkröfu stefnda vegna óuppgerðra viðskipta hans við stefnanda sem skólastjóra Klúkuskóla það tíma, sem kröfugerð stefnanda byggist á.

Auk þess miðar stefndi kröfur sínar við það, að stefnandi eigi engan rétt á yfirvinnukaupi fyrir gæsluna. Stefnandi styðji þá kröfu sína kjarasamningi, sem stefndi sé ekki aðili að og því ekki bundinn við. Auk þess hljóti það að vera forsenda fyrir yfirvinnukaupi í þessu tilliti, að stefnandi hafi verið á launum hjá sama aðila umræddan tíma. Sé hins vegar um greiðsluskyldu stefnda að ræða, sé á það að líta, að stefnandi hafi aðallega verið í vinnu hjá ríkinu, en „annast“ gæslustörf fyrir stefnda í hádeginu. Því sé augljóst, að ekkert réttlæti það, að hann fái greidd yfirvinnulaun frá stefnda fyrir u. þ. b. eina klukkustund á dag.

Gera verði kröfu til þess, að stefnandi leggi fram nákvæma skýrslu vegna launakröfu sinnar fyrir gæsludaga, sem styðjist við sundurliðaðar vinnuskýrslur, er sýni raunverulega viðverudaga nemenda í skólanum í hverjum mánuði fyrir sig og þar með þá daga, sem gæsla í matartímum sé talin hafa

farið fram. Jafnframt verði að krefjast öruggrar staðfestingar á samningum stefnanda við ríkissjóð um greiðslur, fjárhæðir og tímafjölda ásamt gögnum stefnanda sjálfs, sem leitt hafi til, að slíkar greiðslur voru inntar af hendi af hálfu ríkissjóðs fram til 31. desember 1989, eins og haldið er fram af hálfu stefnanda. Mótmælt er og fullyrðingu stefnanda á dskj. nr. 17, að ákvörðun um gæslu í hádegi (matar- og nestistímum) hafi verið tekin af skólanefnd og foreldrum skólabarna. Minnt er á, að ákvörðunarvald um greiðslu kostnaðar af þessu tagi sé umfram allt í höndum sveitarstjórnar viðkomandi skóla, sem sé hinn raunverulegi greiðandi.

Þá reisir stefndi varakröfu sína á því, að hafi krafan einhvern tíma verið til, sé hún fallin niður að hluta fyrir fyrningu, sbr. 2. tl. 3. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905. Þar sem stefna hafi verið birt 2. desember 1994, teljist þeir kröfuliðir fyrndir, sem gjaldkræfir voru a. m. k. fjórum árum fyrir þann tíma.

Stefndi mótmælir sérstaklega kröfu stefnanda um dráttarvexti. Stefndandi og stefndi hafi aldrei samið um launagreiðslur vegna umræddra gæslustarfa og því vitanlega ekki heldur um gjalddaga þeirra. Af þeim sökum verði að ætla, að 2. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 eigi við í máli þessu og stefndandi eigi því ekki rétt á dráttarvöxtum, fyrr en mánuður er liðinn, frá því að hann krafði skuldara sannanlega um kröfu sína.

Skuldajafnaðarkröfu sína styður stefndi við 28. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa stefnda byggist annars vegar á ógreiddum kostnaði stefnda vegna rafmagnsnotkunar hans í skólastjóraíbúð, sem hann hafði til umráða í Klúkuskóla og hann greiddi ekki orkunotkun af, eins og honum hafi verið skylt að gera. Greiðsluskyldan er samkvæmt almennum reglum þágildandi húsaleigulaga nr. 44/1979, sbr. 1. mgr. 42. gr. laganna, sem gerir ráð fyrir því, að leigutaki íbúðarhúsnaðis greiði sjálfur orku- og upphitunarkostnað, nema um annað sé samið. Um slíka eftirgjöf af hálfu stefnda hafi ekki verið samið. Hér sé um að ræða 186.239 kr. tímabilið 1. janúar 1990 til 1. júní 1994, sbr. dskj. nr. 29–32. Hins vegar styðst krafa stefnda við ógreiddan fæðiskostnað stefnanda í mötuneyti Klúkuskóla, meðan það var starfrækt, en nú liggi fyrir samkvæmt frásögn hans, að hann neytti þar fæðis, án þess að neitt samkomulag væri við skólanefnd eða sveitarfélagið um, að hann nyti þess án greiðslu eðlilegs kostnaðar. Hér sé um að ræða 135.353 kr. tímabilið 1. janúar 1990 til 31. maí 1992, sbr. dskj. nr. 33–35. Samtals nemi skuldajafnaðarkrafan því 321.592 krónum. Gerð sé krafa um, að kröfur stefnda komi til skuldajafnaðar.

Stefndi mótmælir kröfu Torfhildar Steingrímsdóttur og krefst þess að verða sýknaður af kröfu hennar í þessu máli. Því er jafnframt mótmælt, að

hún geti með gildum og lögmatum hætti framselt stefnanda með einföldu framsali kröfu, sem hún telji sig eiga persónulega á hendur stefnda, þegar krafan hafi með engum hætti verið viðurkennd eða staðfest af stefnda og stefndi hafi frá upphafi mótmælt. Hún sem aðili verði því að sækja rétt sinn sjálf og geti því ekki framselt slíka kröfu öðrum aðila með gildum hætti. Hvorki við hana né stefnanda hafi verið samið um kröfu hennar, og geti stefnandi því ekki talist réttur aðili í þessu sambandi. Þá hafi stefnandi enga heimild haft til þess að ráða starfsmann eða -menn til þess að gegna slíkum gæslustörfum í skólanum, hvorki fyrir sína hönd né almennt, án samþykkis skólanefndar og sveitarstjórnar. Með því að fara þannig út fyrir umboð sitt beri stefnandi ótvírætt sjálfur ábyrgð á greiðsluskyldu gagnvart þriðja aðila, sbr. meginreglur laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda lög-gerninga. Kröfur á hendur stefnda í þessu efni eigi því ekki við rök að styðjast.

Niðurstaða.

Óumdeilt er í máli þessu, að greiðsluskylda fyrir slík gæslustörf, sem stefnandi krefur um í málinu, hvíli frá 1. janúar 1990 á sveitarfélögum, sbr. lög nr. 87/1989.

Stefnandi heldur því fram, að fjármálaráðuneytið hafi fram til 31. desember 1989 greitt sér fyrir gæslustörf í matartímum í samræmi við gildandi samninga. Ekki liggja fyrir neindir samningar stefnanda við ríkissjóð um slík gæslustörf. Þá hefur stefnandi ekki lagt fram í málinu önnur gögn en dskj. nr. 41, er sýni fram á greiðslu fyrir gæslu, en á dskj. nr. 41 er að finna staðfestingu Fræðsluskrifstofu Vestfjarðaumdæmis á því, að stefnandi hafi skólaárin 1985/1986, 1986/1987, 1987/1988 og 1988/1989 fengið greidda gæslu í matartímum. Samkvæmt nefndu skjali liggur ekki fyrir staðfesting á því, að stefnandi hafi fengið greitt fyrir umrædda gæslu haustið 1989 til áramóta. Gegn andmælum stefnda þykja vinnuskýrslur stefnanda á dskj. nr. 40 ekki veita slíka sönnun. Hefur stefnandi því ekki sýnt fram á, að um áramótin 1989/1990 hafi verið um slíkar greiðslur að ræða úr ríkissjóði til hans, er færst hafi yfir á stefnda með lögum nr. 87/1989.

Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla ræður sveitarstjórn eða skólanefnd í umboði hennar þá starfsmenn skóla, er teljast starfsmenn sveitarfélaga, og í 4. mgr. 24. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla segir, að sveitarstjórn eða skólanefnd í umboði hennar ráði þá starfsmenn skóla, er teljast starfsmenn sveitarfélaga í samráði við skólastjóra. Samkvæmt ákvæðum þessum bar stefnanda að leita samþykkis tilgreindra aðila fyrir því, að hann tæki að sér umrædd gæslustörf. Stefnanda hefur ekki tekist að sýna fram á það í málinu, að slíkt samþykki hafi legið fyrir, og verður

því ekki séð, að skylda hvíli á stefnda að greiða fyrir umrædd störf. Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að slíkt samþykki hafi legið fyrir um gæslustörf eiginkonu stefnanda.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Með því að sýknað er af kröfum stefnanda, kemur skuldajafnaðarkrafa stefnda ekki til álita.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 150.000 kr., og er þá ekki tekið tillit til virðisauka-skatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kaldrananeshreppur, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar H. Þorsteinssonar.

Stefnandi greiði stefnda 150.000 kr. í málskostnað.
